




# Háteigur



14. árgangur 4. tbl.

28. apríl 2010

## Vorhátíð 8. maí

<http://hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Gleðilegt sumar, ágætu lesendur!

Margt bendir til að sumarið hafi einmitt komið með sumardegnum fyrsta í síðustu viku þó að dagurinn sjálfur hafi verið kaldur. Ekki er ólíklegt að sumar og vetur hafi frosið saman um nóttina þannig að þjóðtrúin lofar okkur góðu sumri. Það er gott að eiga sumarið og gróandann í vændum.

Það var mikið líf og hugað að gróðri jarðar og dýralífi í Hallgrímskirkjunni á miðvikudaginn 21. apríl þegar yngstu nemendurnir sungu um jörðina okkar. Þarna var á ferðinni barnaópera sem Elín Halldórsdóttir tónmenntakennari, Rannveig Porkelsdóttir leiklistarkennari settu saman í samvinnu við nemendur á yngsta stigi. Elín samdi textann við lokalagið en nemendur sömdu einnig texta með aðstoð kennaranna. Elín og Rannveig lögðu mikla vinnu í æfingar með stuðningi umsjónarkennara. Tinna Bjarnadóttir í Frístund saumaði alla búningana á dýrin, jurtirnar, mengunina, regnið, sólina og jörðina. Á fyrri sýningunni var nærri fullt út úr dyrum og seinni sýninguna sóttu einnig fjölmargir gestir. Það urðu allir snortnir af þessari sýningu vegna þess að börnin fluttu verkið af mikilli innlifun og krafti sérstaklega var magnað að heyra samsöng þeirra með Gospelkór Háskólans í Reykjavík. Þarna var fjallað um hvernig dýrunum leið í menguninni og hve gleðin var mikil þegar tókst að sigrast á henni. „Aaið“ og „úúíð“ í lokalaginu smaug einhvern veginn inn í hverja taug. Ég fékk gæsaáhrif og víða blikuðu tár á hvarmi foreldra og annarra gesta. Það er búið að setja efnið á mynddisk og hugmyndin er að gefa foreldrum og öðrum tækifæri til að kaupa diskinn á kostnaðarverði. Við erum öll stolt af þessu glæsilega verkefni og ég vil nota tækifærið til að óska öllum til hamingju sem lögðu hönd á plóg og þakka fyrir alla alúðina og metnaðinn í þessu góða verki.

Þemadagar hófust í dag. Á þemadögum er stundataflan lögð til hliðar og skólanum er breytt í tilrauna- og rannsóknarstöð. Yngsta- og miðstigi hefur sameinað krafta sína í allskonar tilraunum með vatn og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig til tekst. 25 nemendur af unglingsstigi munu aðstoða í þessum verkefnum en aðrir hópar á unglingsstigi fjalla um veður með ýmsum hætti. Það er mikil röskun að leggja stundatöfluna til hliðar og breyta skólanum í tilraunastöð

þannig að við nýtum okkur möguleika að hafa föstudaginn skertan, en þann dag ljúkum við síðustu hópverkefnum og nemendur fá tækifæri til að taka saman upplýsingar og skoða afrakstur. Þemadagar auka starfsgleði því að skólinn verður lifandi vettvangur þar sem óvæntir og spennandi hlutir gerast. Miðvikudagur og fimmtudagur eru venjulegir skóladagar en föstudagurinn er eins og áður segir einn af tíu skertum dögum skólaársins og nemendur á yngsta- og miðstigi mæta kl. 10:10 og ljúka skóladeginum kl. 13:40. Unglingar mæta kl. 9:10 þann dag og eru til kl. 12:00, nema þeir sem eru aðstoðarmenn í verkefnum yngri nemenda; þeir mæta kl. 10:10 þennan dag.

Það er því óhætt að segja að það sé líf og fjör í Háteigsskóla í upphafi sumars og náttúran og undirstaða lífsins, vatnið og veðrið eigi hug okkar þessa daga.

Með sumarkveðju,

Ásgeir Beinteinsson,  
skólastjóri

### Vorhátíð Háteigsskóla 8. maí

Foreldrafélag Háteigsskóla vill minna alla á vorhátíð skólans sem verður laugardaginn 8. maí kl. 12-15. Á dagskránni verður ótalmargt í boði, svo sem andlitsmálun, hjólaþrautir, kaffihús, klifur, kökubasar, söng- og leikatriði á sal, útileikir, þrautabraut með fjarstýrða bíla og margt fleira. Búið er að panta gott veður. Nánari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur.

### Ljóðið

Ég gleymdi ljóðatímanum  
á fimmtudaginn.

Ég gerði ekki heimavinnu  
fór frekar í bæinn.

Elín kom í stofuna og sagði  
góðan daginn.

Við svörðum og spurðum hvort allt væri ekki í haginn.

Hún spurði hvort við hefðum samið ljóð.

Við svörðum og sögðum að það væri þetta hljóð.

Andri Sigurður Haraldsson, 7.bekk

## Ferð í Rafheima

Við lögðum af stað eftir hádegi frá skólanum. Stuttu seinna renndi rúta í hlað hjá Rafheimum í Elliðaárdal. Þar tók Stefán Pálsson, snillingur með meiru, á móti okkur og leiddi okkur inn í stóran, litríkan sal. Þar inni voru alls kyns spennandi tilraunir og neonljós. Við sáum líka virkjanamódelin sem við unnum á þemaviku í 6. bekk. Við settumst á upphækkaða bekki gegnt Stefáni og hann sýndi okkur allskyns flottar rafmagnstilraunir sem kom okkur aldeilis í stuð. Sumum þó meir en öðrum, enda fóru mörg hár á loft. Svo sleppti hann okkur lausum í salinn og við fengum að prufa allskyns hluti eins og morskóða og virkni segla. Á hæðinni fyrir ofan salinn var safn með hlutum úr rafmagnsiðnaði fyrri ára. Þar sáum við Harry Potter teppi á gólfinu! Svo fórum við aftur heim.

Nemendur í náttúrufræði í 10. bekk

## Ferðasögur

Nemendur 5. bekkjar hafa verið að vinna með landnámið. Eitt verkefna þeirra er að setja sig í spor landnámsmanna og skrifa ferðasögu þeirra.

### Úr dagbók Þórdísar:

Ég finn vindinn fara í gegnum hárið á mér er ég anda að mér sjávarlofti. Við stefnum í norðvestur í leit að Íslandi. Nafn mitt er Þórdís Snorradóttir, ég er tíu ára og kem frá Noregi. Við fórum frá heimalandi okkar af því að frændi minn var höfðingi en honum var ógnað af Haraldi konungi. Þessi frændi minn, Þorkell Eiríksson, er bróðir móður minnar, Freydísar, og hjá honum erum við búin að búa síðustu níu árin. Amma mín og afi minn úr móðurættinni og fjögur systkini mín, Karl sem er 2ja ára gamall, Þorfinnur sem er 6 ára, Guðríður sem er 8 ára og Þjóðhildur sem er 6 mánaða. Amma og afi heita Eiríkur og Þórdís (ég er nefnd eftir ömmu). Við öll erum nú á leið til Íslands. Við förum á knerri afa míns. Við tókum búfenað, skinn og mat um borð, mamma tók skartgripa sína með og pabbi vopn. Við systkinin tókum föt og ýmislegt til að leika með. Ég hlakka til að fara til Íslands en mun sakna margs. Halldóra Líney Finnsdóttir

### Flóki hinn fagri frá Salbjargi


Ég er Flóki hinn hárfagri, 24 vetra og sonur Magnúsar frá Salbjargi og Hrafnhildar frá Kverahæðum. Hár mitt er sítt og rautt, ég er mikill vexti, fimur og góður bardagamaður. Kona mín er Sigfríður frá Holtum, fríð, með freknur og ósköp falleg. Ég á bróður, Pétur frá Salbjargi, sem er 4 vetrum eldri. Hann er mikill að vexti og skarpur, hann tárast ekki og er sterkur. Ég yfirgef mína fósturjörð, Írland, vegna skattamála og vegna þess að faðir minn var gerður útlægur. Ég hef misst marga úr fjölskyldunni vegna erja um jörð okkar að Salbjargi. Ég vil vera einn með fjölskyldu minni og fara til nýs lands. Við sigldum frá landi á knerri með einu segli, knörrinn heitir Bogi og er voða sterkur og öruggur. Ég vil vera vel undirbúinn fyrir ferðina og tek með mikinn mat, harðfisk, smjör, brauð, slátur og reykt kjöt. Í för með okkur til fyrirheitna landsins eru einnig 8 kýr, 19 kindur, 2 hestar, 3 svín, 2 kettir og hundskott. Ef maturinn dugar ekki getum við slátrað dýrunum og eldað um borð. Vegna föður míns er ég mjög öruggur í skipinu, við erum vanir til sjós og hræðumst ekki neitt. Reyndar skall á smá óveður, en eftir viku hvarf það og allir voru kátir á ný. Sjóferðin tók margar vikur en allir komust á áfangastað. Dagur Salberg Magnússon Mooney

## Vekjaraklukkan

Vekjaraklukkan vaknar klukkan 7 og dansar og skoppar á náttborðinu.

Það er kominn dagur, svo verður klukkan þreytt og sefur allan daginn og fram á næsta dag.

Þórhildur Helga Eypórsdóttir, 7. bekk



## Vorið

Ljúft og gott loft  
fer um hárið.  
Silungur syndir í ánni.

Hlátrasköll bergmála  
um fjöllin í kring.  
Vorið nálgast  
og þytur í laufi.

Emelía Góa Briem, 7. bekk

## Tölusaga

Einu sinni var tala sem hét 3. Hún hitti 5 og þau giftu sig. Síðan eignuðust þau tvö tölubörn, en talan 3 þurfti að eiga tvö til að vera með 5. Eftir 15 ár eignuðust tölubörnin kærustur og eftir 2 ár eignuðust þau 4 börn. Fjölskyldan keypti lottó og vann 18 milljónir. Hún varð rík og fræg og keypti Ferraribíla og þau áttu saman 87 billjónir.

John og Jakob í 4. bekk

## Reið, leið, sólin skein

Ég varð svo reið þegar tíminn leið,  
beið og beið að sólin skein,  
varð svo leið þegar sólin skein ei.  
Hófst svo leit að sólskins ey  
en aldrei fannst nei nokkur ey  
gafst svo upp á sólskins leit  
þá kom sólin og skein.

Sandra Zak, 7. bekk

## Skólamjól

Íðunn Gígja Kristjánsdóttir í 4. bekk var ein af tíu nemendum á landinu sem vann til verðlauna í teikni-samkeppni í tilefni af alþjóðlega skólamjólkurdeginum 2009. Hún fékk afhent viðurkenningarskjal og bekkurinn hennar fékk 25 þúsund krónur í bekkjarsjóðinn sinn. Við óskum Íðunni innilega til hamingju með árangurinn

## Reið og sár

Ég var og er enn reið,  
því að þú tókst ekki eftir minni reiði.  
Ég var og er líka sár og það skiptir  
ekki máli fyrir þig,  
en það skiptir máli fyrir mig.

Guðrún Lind Stefánsdóttir, 7. bekk

## Páskar

Á páskum fáum við páskaegg og þau eru brún  
við finnum þau með því að fara á tún.  
Nói, Síríus, Sambó eða Góa  
skiptir ekki máli ég vil þau öll prófa.

Darri Már Grímsson, 7. bekk

☞ Spakmæli mánaðarins: ☜

Aðdáunarvert er ekki að hrasa aldrei  
heldur að rísa á fætur á ný.